

Kópavogsbær  
Auður Dagný Kristinsdóttir  
Digranesvegi 1  
200 Kópavogur

Reykjavík, 26. júlí 2021  
UST202107-177/B.S.  
10.05.04


**Efni: Suðurlandsvegur - lagning strengja - umsögn um framkvæmdaleyfi**

Vísað er til bréfs Kópavogsbæjar dags. 14. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna umsóknar um að leggja 11kV jarðstreng nærri Suðurlandsvegi um Hellisheiði, alls um 16,5 km að lengd og þar af eru 10 km innan Kópavogsbæjar.

Leitast er við að velja jarðstrengnum stað í landi sem þegar hefur verið raskað. Gætt verður að því að plægja ekki strenginn niður nærri náttúruminum. Gert er ráð fyrir að rask á yfirborði verði lítið og að jafnóðum verði gengið frá raski. Gert er ráð fyrir að staðargróður verði fljótur að endunýjast í grónu landi og því almennt ekki talin ástæða til að ráðast í uppgræðaslu. Framkvæmdin er innan vatnsverndarsvæðis og verður haft samráð við Heilbrigðiseftirlitið um framkvæmdina á þeim svæðum. Umhverfisstofnun telur jákvætt að sótt sé um svigrúm til fimm ára varðandi niðurrif Lögbergslínu þannig að unnt verði að velja hagstæðasta framkvæmdatíma til að lágmarka rask sem getur fylgt umferð vinnuvéla við línustæðið.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnes Þorkelsdóttir  
Sérfræðingur